

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1914.

Lög um ráðstafanir til þess að tryggja landið gegn hættu, sem stafað geti af ófriði í Norðurlálfu, undirskrifuð af konungi 1. ágúst 1914.

Lög um viðauka við lög 1. ágúst 1914, um ráðstafanir til þess að tryggja landið gegn hættu, sem stafað geti af ófriði í Norðurlálfu, undirskrifuð af konungi 3. ágúst 1914.

Lög um ráðstafanir á gullforða Íslandsbanka, innstæðufje í bönkum og sparisjóðum, og á póstávísunum, undirskrifuð af konungi s. d.

Brjef stjórnarráðsins til allra sýslumanna um skýrslur viðvikjandi ábúð seldra þjóðjarða og kirkjujarða. 82
20. júlí

Í lögum nr. 31, 20. okt. 1905, um sölu þjóðjarða, 13. gr., og 13. gr. laga nr. 50, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða, er svo mælt fyrir, að ef jörð, sem seld hefir verið ábúanda samkvæmt lögnum, gengur úr sjálfsábúð áður en kaupverðið er að fullu greitt, þá falli eftirstöðvar jarðarverðsins jafnskjótt í gjalddaga.

Með tilvísun til þessara lagaákvæða og að þar til gefnu tilefni á yfirstandandi alþingi, skuluð þjer, herra sýslumaður, beðinn að leggja fyrir hreppstjórana í umdæmi yðar að senda yður eftir fardaga ár hvert skýrslu um, hvort nokkrar af þjóðjörðum þeim og kirkjujörðum í hreppnum, sem enn hvila á eftirstöðvar af andvirðinu, verði að teljast gengnar úr sjálfsábúð, og þá hverjar. Þessar skýrslur óskast svo sendar hingað með þeim ummælum og frekari upplýsingum, er þjer finnið ástæðu til.

Í þessu skyni er yður hjer með send skrá yfir seldar þjóðjarðir og kirkjujarðir í umdæmi yðar, og eftir hver áramót mun yður verða send áþekk skrá, þar sem þeim jörðum er bætt við, er seldar hafa verið síðar, og þær jarðir feldar burt, er kaupverð þeirra er að fullu greitt.

Reglugjörð

83
14. júlí

fyrir Austur-Húnavatnssýslu um breyting á reglugjörð fyrir Húnavatnssýslu 19. júní 1905 um fjallskil og fl.

1. gr.

Orðin í 3. málsgrein 17. gr. »og ráða menn í þær gegn endurgjaldi af sveitarsjóðnum« ná ekki til Vindhælis- og Engihlíðarhrepps.